

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir minningarsjóð Fjólu og Lilju Ólafsdætra frá Múlakoti.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Fjólu og Lilju Ólafsdætra. Stofnendur hans eru Hrefna Jónsdóttir, kt. 091145-4219 og Guðbjörg Hjörleifsdóttir, kt. 230840-4749.

#### 2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að tónlistarnámi og þátttöku fólks með þroskahömlum í viðburðum tengdum tónlist, svo og að styrkja önnur þau verkefni sem sjóðstjórnin verður sammála um. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að veita árlega styrki til einstaklinga, félaga og stofnana sem vinna samkvæmt tilgangi sjóðsins, að mati stjórnar hans.

#### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5.785.873 sem er allt það fé sem stofnendur fengu úr dánarbúi Fjólu Ólafsdóttur, kt. 010131-3169 en Fjóla lést þann 30. maí 2005. Höfuðstóll sjóðsins skal aldrei vera lægra en stofnfé hans. Ávaxta skal sjóðinn á þann hátt sem ríkulegastur er á hverjum tíma. Hið sama gildir um annað fé er sjóðnum kann að áskotnast.

#### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, áheiti, gjafir og annað fé er sjóðnum áskotnast.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð til fjögurra ára. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum, tveimur fulltrúum tilnefndum af ættingjum og vinum Fjólu og Lilju Ólafsdætra og skal annar þeirra vera formaður og einum fulltrúa tilnefndum af Landssamtökunum Þroskahjálpi. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Sjóðstjórn skal halda gerðabók um rekstur sjóðsins, ákvarðanir stjórnar og hvaðeina er hann varðar. Stjórn sjóðsins skal koma saman hið minnsta einu sinni á ári í maímánuði og oftast ef þurfa þykir. Á föstum árlegum fundi skulu liggja fyrir reikningar sjóðsins fyrir síðasta almanaksár áritaðir af tveimur skoðunarmönnum reikninga sem stjórnin hefur valið. Skoðunarmenn skal velja til fjögurra ára í senn.

#### 7. gr.

Sjóðstjórn skal varðveita eignir sjóðsins og ákveða úthlutanir úr honum og bera ábyrgð á reikningshaldi hans. Formaður skal vera fjárvörslumaður sjóðsins. Auglýsa skal einu sinni á ári eftir umsókn um styrki úr sjóðnum. Sjóðstjórn er einnig heimilt að veita styrki á öðrum tímum ársins.

#### 8. gr.

Stjórnin getur lagt til að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða leggja hann niður ef það telst eðlilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar ákvarðanir verða einungis teknar með samþykki allra stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans ganga til starfsemi sem sjóðstjórnin telur í anda tilgangs sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsembættisins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 8. janúar 2008.*

**Ríkarður Másson.**

Helgi Már Ólafsson.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2008